

Mál nr. 390/2015**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Leikskólann Efstahjalla í Kópavogi hinn 9.9.2014.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 16.10.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 5.11.2015, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, dags 9.11.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak eftir akleið á milli stöðureita á bifreiðastæði við Leikskólann Efstahjalla. Í sömu andrá var B ekið aftur á bak úr stöðureit. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og hægra afturhorn B.

Samkvæmt því sem fram kemur á sameiginlegri tjónstilkynningu, sem báðir ökumenn hafa undirritað, varð áreksturinn kl. 8:15. Einnig segir á hinni sameiginlegu tjónstilkynningu um tjónsatvik að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak.

Í síðari skýrslu um atvikið kvaðst ökumaður A hafa ekið aftur á bak áleiðis í stæði. Þegar hann hafi byrjað að bakka hafi ökumaður B ekki verið búinn að starta bifreið sinni og hann hafi bakkað mjög hratt úr stæðinu. Báðar bifreiðir hafi verið að bakka þegar árekstur varð. B hafi ekki verið kyrrstæð og ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekki flautað.

Ökumaður B kvaðst hafa séð autt stæði beint fyrir aftan sig og ætlað að bakka að því og taka svo vinstri beygju út af bifreiðastæðinu. Er hann hafi verið kominn hálf leið þá hafi hann séð hvar A var ekið í átt að B. Hann hafi því stöðvað A og flautað í 2-3 sekúndur áður en árekstur varð. Þá hafi A verið búin að vera kyrrstæð í jafnlangan tíma að minnsta kosti. Svo hafi virst sem ökumaður A hafi ekki orðið neins var og bakkaði á B án þess að stöðva.

Eftir ónafngreindu vitni er haft í tölvubréfi að það hafi verið að koma út úr bifreið sinni þegar það hafi séð blárri bifreið ekið á aðra bifreið („hvít previa“) sem hafi verið komin úr stöðureit.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki hjá því komist að leggja til grundvallar það sem fram kemur í sameiginlegri tjónstilkynningu að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í þeirri andrá sem áreksturinn varð. Síðari framburður ökumanns B um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð a.m.k. í 2-3 sekúndur fær ekki nægilega stöð í gögnum málsins. Framburður ónafngreinds vitnis er heldur ekki svo skýr og greinargóður að unnt sé að taka tillit til hans varðandi sönnun um tildrög þess að árekstur varð. Gegn andmælum ökumanns A verður að telja ósannað að B hafi verið kyrrstæð svo lengi áður en árekstur varð að áhrif geti haft á niðurstöðu um sakarskiptingu. Að öllu virtu og þar sem ekki verður annað talið sannað en báðir ökumenn hafi verið á ferð er árekstur varð verður sök skipt að jöfnu á milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumann ber helming sakar.

Reykjavík, 1. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.